



Fundargerð

Stýrihópur um skólastefnu í Reykhólahreppi
Mánudaginn 21. febrúar 2011, kl. 16:00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Eiríkur Kristjánsson, Eyvindur Magnússon, Katla Tryggvadóttir og Íris Ósk Sigpórsdóttir. Áslaug Guttormsdóttir boðaði forföll. Einnig sat fundinn Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Á fundi sveitarstjórnar 13. janúar 2011 var ákveðið að kalla saman stýrihóp til að vinna skólastefnu Reykhólahrepps. Á fundinn eru mættir þeir fulltrúar sem til voru kallaðir. Eiríkur Kristjánsson fyrir hönd hreppsnefndar, Eyvindur Magnússon fyrir hönd foreldrafélags Reykhólaskóla, Katla Tryggvadóttir foreldrafélags Hólabæjar og Íris Ósk Sigpórsdóttir fyrir hönd starfsmanna Hólabæjar. Einnig er í hópnum Áslaug Guttormsdóttir fyrir starfsmanna Reykhólaskóla en hún boðaði forföll.

Fólk var boðið velkomið og Eiríkur Kristjánsson fór yfir verkefnið sem hópnum er falið.

Að vinna að skólastefnu fyrir Reykhólahrepp.
Að vinna að reglum og verklagi innan skólanna.
Að skoða kosti og galla á sameiningu skólanna.

Lögð voru fram gögn og fundarmenn hvattir til að kynna sér málin hjá öðrum sveitarfélögum.

Fundi slitið 16:40 ákveðið að hittast þriðjudaginn 1. mars n.k.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____